



Proskapjálfafélag
Íslands

**Aðalfundur
Þroskapjálfafélags Íslands
Borgartúni 6, 105 Reykjavík
22. maí 2019**

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

Stjórn ÞÍ skipuðu: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, Hanna Kristín Sigurðardóttir varaformaður, Steinunn Jónsdóttir ritari, Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Bjarnveig Magnúsdóttir, Halldóra Jóhannesdóttir Sanko og Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Hanna Kristín Sigurðardóttir er tengiliður við Trúnaðarmannaráð og fulltrúi í stjórn NFFS.

Bjarnveig Magnúsdóttir er tengiliður við Fagráð og Laganefnd.

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir er tengiliður við Útgáfuráð.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir situr í stjórn Vísinda- og Kjaradeilusjóðs og stjórn Þroskahjálpar.

Anna Björk Sverrisdóttir, þroskaþjálfari er fulltrúi í Netlu.

Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ÞÍ, er tengiliður við Kjörnefnd.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, og fulltrúi í stjórn NFFS.

Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa formaður og framkvæmdastjóri í fullu starfi. Þar eru unnin flest þau verkefni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa.
- Lögfræðiþjónusta BHM á sviði vinnuréttar.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustaði.
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og stuðningur til atvinnulausra félagsmanna.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsmanna í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Annast samstarf við NFFS (nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt varaformanni í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskaþjálfara/social educators.
- Aðgang að sjóðum BHM (styrktarsjóður, sjúkrasjóðir, orlofssjóður, starfsmenntunarsjóður, starfsþróunarsetur háskólamanna).
- Aðgang að orlofshúsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóði og fag- og fræðslusjóði.
- Félagið birtir atvinnuauðglýsingar fyrir félagsmenn og vinnustaði.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- Annast skráningu nýrra félagsmanna og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.

- Aðstoða félagsmenn, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Undirbúa félagsfundi.
- Undirbúa starfsdaga ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa málþing ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar ÞÍ.
- Undirbúa fræðslu ÞÍ.
- Funda með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á vinnustöðum um allt land.
- Vinna tengd BHM.
- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Vera í tengslum við ráð og nefndir félagsins.
- Fræðsla til háskólanema.
- Vinna við innleiðingu starfsmats.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins. Á þessu bókhaldsári keypti félagið bókara og löggildan endurskoðanda til að sjá um bókhald félagsins.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 12 skipti. Umfjöllunarefni stjórnar þetta árið voru fagmál, kjaramál, starfsmat, erlent samstarf auk rekstrarmála félagsins.

Starfsárið 2018 - 2019

Sameiginlegur fundur með stjórn ÞÍ, fagráði og útgáfuráði og nefndum var haldinn 22. ágúst 2018 þar sem markmið fyrir starfsárið voru sett og skipting verka átti sér stað. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

Fagráð

Freydís Frigg Guðmundsdóttir (2017-2019)

Kristbjörg Hjaltadóttir (2018-2020)

Einar Þór Jónsson (2017-2019)

Kolbrún Stúgsdóttir (2017-2018)

Björg Maggý Pétursdóttir (2017-2019)

Sigurbjörn Björnsson (2018 – 2020)

Kolbrún Ósk Albertsdóttir (2018 – 2020)

Tengiliður við stjórn: Bjarnveig Magnúsdóttir

Kjörnefnd

Rún Halldórsdóttir (2018-2020)

Guðrún Jakobsdóttir (2017-2019)

Valborg Helgadóttir (2017-2019)

Bjarghildur Pálsdóttir (2017-2019)

Ragnhildur Þórarinsdóttir (2018-2020)

Tengiliður við stjórn: Anna Lilja Magnúsdóttir

Laganefnd

Ragnhildur Þorsteinsdóttir (2018 - 2020)
Þóroddur Þórarinsson (2018 - 2020)
Margrét Rannveig Halldórsdóttir (2017-2019)
Helga Magnúsdóttir (2017-2019)
Andrea Bergmann Halldórsdóttir (2017-2019)
Tengiliður við stjórn: Bjarnveig Magnúsdóttir

Útgáfuráð

Særún Ósk Böðvarsdóttir (2018-2020)
Selma Hauksdóttir (2018 - 2020)
Embla Rún Hakadóttir (2018-2020)
Trausti Júlíusson (2017-2019)
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir (2017-2019)
Anna Björg Sverrisdóttir (2017-2019)
Vantar einstakling frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfafraeðum
Tengiliður við stjórn: Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir

Vísindasjóðsstjórn

Valborg Helgadóttir, formaður
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri ÞÍ
Þóranna Halldórsdóttir, ritari
Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir
Bjarnveig Magnúsdóttir
Tengiliður við stjórn: Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir

Siðanefnd

Árni Már Björnsson (2018-2021)
Hrefna Sigurðardóttir (2016-2019)
Signý Þórðardóttir (2017-2020)

Varamenn:

Árni Viðar Þórarinsson (2018-2021)
Friðrik Sigurðsson (2016-2019)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2017-2020)
Tengiliður við stjórn: Laufey Elísabet Gissurardóttir

Stéttarfélagar eru 757 talsins, fagaðilar 11 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfafraeðum skráðu sig sem aukafélaga.

Skipulagðir trúnaðarmannafundir voru þrír á starfsárinu. Þeir voru haldnir 31. ágúst 2018, 23. nóvember 2018 og 15. febrúar 2019, sjá skýrslu frá trúnaðarmannaráði.

Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Guðbjörg Björnsdóttir

Framhaldsskólar
Vantar

Ás styrktarfélag/búseta
Guðrún Nanný Vilbergsdóttir

Ás styrktarfélag/dagþjónusta
Kristín Ásgeirsdóttir

Skálatúnsheimilið
Jónína Árnadóttir

Grunnskólar Hafnarfjarðar
Hanna Guðrún Pétursdóttir (Setbergsskóli)

Hafnarfjörður leikskólar
Vantar

GrunnskólarHafnarfjarðar
Margrét Erla Haraldsdóttir

Víðivellir í Hafnarfirði
Kristín Helga Skarphéðinsdóttir

Reykjanesbær
Linda Birgisdóttir

Reykjavík-búseta
Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir

Barðastaðir
Ragnheiður Jónsdóttir

Reykjavík-dagþjónusta
Oddrún Ólafsdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur
Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko

Mosfellsbær
Vantar

Klettaskóli
Kristín Ásta Ólafsdóttir

Leikskólar Reykjavíkur
Særún Ósk Böðvarsdóttir

Seltjarnarnesbær
Jóhanna Ólafsdóttir Ásgerðardóttir

Austurland
Guðbjörg Gunnarsdóttir

Norðurland
Gestur Guðrúnarson

Grunnskólar Akureyrar
Ragnheiður Júlíusdóttir

Suðurland
Steinunn Jónsdóttir

Grunnskólar á Suðurlandi
Karen Erlingsdóttir

Vesturland
Andrea Magnúsdóttir

Vestfirðir
Sóley Veturliðadóttir

Garðabær
Bettý Gunnarsdóttir

Ríki Landspítali
Gerður Pálsdóttir

Grunnskólar Kópavogs
Þórunn Guðrún Einarsdóttir

Kópavogur/Velferðarsvið
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Frístundahluti SFS Reykjavík
Þórunn Skúladóttir

Niðurstöður starfsmats samkvæmt undirritun samkomulags um breytingar og framlengingu kjarasamnings Þroskaþjálfafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga, með gildistíma frá 1. september 2015 til 31. mars 2019, átti að vera lokið þann 1. júní 2018, en seinkun var á innleiðingunni og það var ekki fyrr en 31. janúar sl. sem gengið var formlega frá undirritun allra starfa aðildarfélaga BHM sem sömdu um starfsmat. Því hefur lokahnykkur innleiðingar starfsmatsins verið síðustu mánuði, það er að varpa félagsmönnum inn í starfsmatskerfið STARFSMAT. Gengið var út frá því að sveitarfélögin mundu greiða út eftir niðurstöðu starfsmats til allra þroskaþjálfara eigi síðar en 1. apríl 2019 en því miður gekk það ekki eftir hjá öllum sveitafélögum. Nú rúmum þremur mánuðum frá undirskrift hafa ekki öll sveitafélög varpað þroskaþjálfum inn í nýtt starfsmat og ekki greitt þroskaþjálfum eftir starfsmatinu.

Allir samningar það er við ríkið, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitafélaga voru lausir 31. mars 2019 og er ÞÍ búið að eiga samningafundi við alla viðsemjendur má segja að viðræður fari hægt af stað

Kjararáðstefna BHM fór fram þriðjudaginn 15. janúar 2019 á Grand Hótel Reykjavík. Þar voru niðurstöður sameiginlegra funda aðildarfélaga BHM vegna krafna á ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg kynntar. Skipulag kjaraviðræðna af hálfu BHM var kynnt auk helstu áherslna í kynningarmálum. Þá ávörpuðu forsvarsmenn viðsemjenda ráðstefnuna.

Fulltrúi BHM í Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar er Anna Lilja Magnúsdóttir, framkvæmdarstjóri ÞÍ og var hún einning í framkvæmdarnefnd starfsmats Samband íslenskra sveitafélaga en nýr fulltrúi tók við því starfi um síðustu áramót.

Unnið hefur verið að stofnanasamningsgerð á starfsárinu. Skrifað var undir nýjan stofnanasamninga við Landsspítala Háskólasjúkrahús í maí 2018. Í júní 2018 var skrifað undir stofnanasamning við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og einnig við Greiningarstöð ríkisins í ágúst 2018 vegna sviðstjóra. Verið er að vinna að almennri stofnanasamningsgerð við Greiningarstöð ríkisins.

Formaður ÞÍ situr fyrir hönd BHM í stýrihóp Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar (2. áfangi). Kynning á drögum að lokaskýrslu tilraunaverkefnis um styttingu vinnuvikunnar verður kynnt 20. maí 2019.

Þroskaþjálfar fjölmenntu að venju í kröfugöngu 1. maí.

Virk starfsendurhæfing

Mikil aukning hefur verið hjá ráðgjöfum VIRK starfsendurhæfingar á síðustu árum og er aukningin mest meðal háskólamanna og þar af leiðandi hafa biðlistar lengst eftir þjónustu

hjá ráðgjöfum sem sinna aðildarfélögum BHM. Einn Virk ráðgjafi bættist við í júlí 2018 vegna langra biðlista í starfsendurhæfingu og eru VIRK-ráðgjafar orðnir samtals fimm. Þeir þjóna eining félagsmönnum hjá KÍ og öðrum háskólamönnum.

BHM

Húsnæðismál BHM og aðildarfélaga í Borgartúni 6.

Þí fjárfesti í kaupum á 4. hæð ásamt hluta aðildarfélaga BHM og BHM sem reka saman húsfélagið BHM ehf. Hluti starfsemi BHM flutti í nýjar skrifstofur á 4. hæð og fékkst auka skrifstofa fyrir fimmta VIRK ráðgjafann. Stjórn fjallaði um og samþykkti kostnað sem kom til vegna kaupanna. Sú ákvörðun var tekin í kjölfar samþykktar á aðalfundi 2018. Með þessum kaupum hefur húsfélag BHM ehf eignast alla 4. hæðina í Borgartúni 6 og eru þar funda- og ráðstefnusalir sem eiga eftir að nýtast félögunum vel í komandi framtíð.

Samstarf við Landssamband íslenskra stúdenta (LÍS): LIÍS hefur afnot af skrifstofuaðstöðu hjá BHM samkvæmt samningi. Ásamt afnotum af skrifstofu hafa samtökin aðgang að fundaraðstöðu og kaffistofu og eins afnot af annarri tilfallandi þjónustu.

LÍIS og BHM gerðu með sér nýjan samstarfssamning sem fól í sér smávægilegar breytingar á eldri samningi aðila í maí 2018. Þá mun BHM framleiða nokkur stutt fræðslumyndbönd fyrir háskólanema í samvinnu við LIÍS. Markmiðið er tvíþætt: Að fræða háskólanema um ýmis grundvallaratriði vinnuréttar, s.s. um stéttarfélög, kjarasamninga, ráðningarsamninga, ýmis réttindi launþega o.s.frv. og að kynna BHM og aðildarfélögin fyrir háskólanemum.

BHM fagnaði 60 ára afmæli 23. október 2018 og var afmælisnefnd að störfum sem í voru skipaðir 3 framkvæmdastjóra aðildar félaga BHM og er einn þeirra framkvæmdastjóri ÞÍ.

Fræðslufundir og starfsdagar

Þí fékk Önnu Steinsen frá fyrirtækinu KVAN til að vera með fyrirlestur um það *hvernig við getum haft áhrif*. Þessi fyrirlestur var haldinn í ágúst fyrir ráð og nefndir félagsins. Þarna gafst ráðum og nefndum félagsins tækifæri að hita upp fyrir vetrarstarfið.

Ný lög um þjónustu við fatlað fólk og mjög mikilvægar breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga tóku gildi 1. október 2018. Landssamtökin Þroskahjálp og Þroskaþjálfafélag Íslands buðu til morgunverðarfundar þar sem nýju löggin voru kynnt og sérstaklega fjallað um tengsl þeirra við samning Sameinuðu þjóðana um réttindi fatlaðs fólks og önnur alþjóðleg mannréttindi og hvaða þýðingu þau tengsl hafa fyrir túlkun laganna, beitingu þeirra og alla framkvæmd og þjónustu samkvæmt þeim. Þroskaþjálfar fjölmenntu á þessa kynningu og einning var hægt að að horfa á hana í gegnum streymi.

Eins og kemur fram í skýrslu fagraðs stóð fagrað fyrir tveimur fræðsluerindum. Var þessi fræðsla liður í því að byrja umræðu um heilsu og álagstengda þætti í starfi þroskaþjálfara fyrir komandi starfsdaga og hvaða leiðir væru færar til að sporna við kulnun í starfi.

Hrefna Hugosdóttir, hjúkrunar- og fjölskyldufræðingur hjá Auðnast, hélt fræðsluerindi þann 22. október 2018 sem bar heitið *Heil heilsu*. Það fjallaði um lykilþætti þess sem vert er að fylgjast með þegar kemur að persónulegri heilsu og hvaða aðferðir er hægt að nota þegar viðvörunarbjöllur fara að hljóma.

Ragnhildur Bjarkadóttir, sálfræðingur hjá Auðnast, hélt svo seinna fræðsluerindið þann 20. nóvember sem bar heitið *Taktu stjórn á streitunni* þar sem farið var yfir aðferðir til að halda streitu innan viðráðanlegra marka.

Starfsdagar félagsins voru svo haldnir dagana 24. og 25. janúar á Hótel Örk í Hveragerði þar sem metþátttaka náðist eða alls 234.

Yfirskriftin var *Sterkir þroskaþjálfar – andleg og líkamleg vellíðan í krefjandi starfsumhverfi*.

Þroskaþjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtökum norrænna þroskaþjálfa. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi.

Síðustu árin eða 2017 og 2018 héldu Ísland og Færeyjar utan um stjórnarfundir í NFFS og voru fundir haldnir í júní 2018 í NUUK á Grænlandi og í nóvember á í Reykjavík. Félagið hefur sent tvo fulltrúa á þessa fundi en hafði fleiri fulltrúa frá Íslandi á fundinum sem haldinn var hér á landi.

Síðasti fundur undir okkar stjórn var haldinn í Reykjavík 28.- 29. nóvember 2018. Á þessu ári tók Danmörk við stjórninni og var fyrsti fundur haldinn í Kaupmannahöfn 6 – 7. maí 2019. Næsti fundur verður haldinn í Kaupmannahöfn 7. – 8. nóvember 2019. Fundurinn sem haldinn verður í nóvember verður einnig að hluta sameiginlegur með Nordiske sosisonomforbunds samarbeidskomitee (NSSK) norrænum samtökum félagsráðgjafa.

Félagið er með aðild AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum, til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi.

Samstarf við háskólasamfélagið

Útskriftarnemum var boðið til félagsins 22. júní 2018 daginn fyrir útskrift ásamt starfsmönnum þroskaþjálfadeildar og leiðbeinendum í verknámi. Tilgangurinn er að bjóða verðandi þroskaþjálfum velkomna í félagið, kynna áherslur og starfsemi ÞÍ. Stefnt er að gera það sama á þessu ári.

Sami háttur verður á þessu ári og hefur stjórn ÞÍ boðið nemum og starfsfólki ásamt leiðbeinendum útskriftanema í boð 21. júní, klukkan 17.00 til 19.00 daginn fyrir útskrift.

Félagið tók á móti þroskaþjálfanemum staðnemum og fjarnemum á fyrsta ári í ágúst 2018 og kynnti fyrir þeim Þroskaþjálfafélag Íslands.

Í nóvember 2017 fór Háskóli Íslands þess á leit við velferðarráðuneytið að það breytti reglugerð nr. 1120/2012 um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi þannig, að til að hljóta starfsleyfi sem þroskaþjálfari þurfi fjögurra ára nám í stað þriggja. Breytt reglugerð gildir frá 1. júlí 2018 og fyrstu þroskaþjálfanemarnir hófu nám eftir nýrri reglugerð nú í haust.

Alþjóðlegur dagur þroskaþjálfa var haldinn 2. október 2018. Þann dag náðum við að fagna nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem tóku gildi 1. október 2018. Þess ber sérstaklega að fagna, því mikil vinna hefur verið lögð í lögina og þau eru góð fyrir þennan tiltekna hóp.

Markmið þessara laga er að fatlað fólk eigi kost á bestu þjónustu, sem á hverjum tíma er tók á að veita, til að mæta sértækum stuðningsþörfum þess. Þjónustan skal miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að geta notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Við framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skal virðing borin fyrir mannlegri reisu þess, sjálfræði og sjálfstæði.

Störf þroskaþjálfara eru lögvernduð og í reglugerð okkar segir m.a. "Í starfi þroskaþjálfara felst enn fremur að efla lífsgæði fatlaðs fólks og auka þátttöku þess í samfélaginu."

Auk þess er tekið sérstaklega á hæfi starfsmanna í lögunum sem sveitarfélög skulu hafa og eru það menntað fólk í þroskaþjálfun og má óska stéttinni til hamingju með þetta.

Hins vegar er ekki nægjanlegt að lögin ein og sér séu góð, allir þurfa að taka þau til sín sem veita þessum hópi fólks þjónustu því það er á ábyrgð okkar allra hvernig til tekst.

Gildi þroskaþjálfara eru áræðni, þróun og sveigjanleiki og stéttin því tilbúin að taka þessum lögum fagnandi.

Nefndir og ráð hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu. Með starfi í nefndum og ráðum gefa félagar mikilvægan skerf til starfsemi félagsins. Mikilvægt er að hafa virka félagsmenn og endurspeglar það starfið í félaginu. Þessum aðilum er seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins aftar í skýrslunni.

Síðasta starfsár ÞÍ hefur verið viðburðaríkt og vil ég þakka öllum þeim þroskaþjálfum sem hafa komið að starfi félagsins sérstaklega vel fyrir vel unnin störf.

Reykjavík 19. maí 2019

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður ÞÍ

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2018 – 2019

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2018. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs ÞÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra sem samþykktir eru.

Félagssjóður skilaði rekstarhagnaði upp á kr.: 8.617.214,- eftir fjármagnsliði árið 2018.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir,
gjaldkeri ÞÍ

Trúnaðarmannaráð hélt 3 fundi á starfsárinu, þar sem tveir þeirra voru með hefðbundnu sniði, þriðji fundurinn sneri eingöngu að vinnu við kröfugerð félagsins fyrir komandi kjarasamninga.

Sæti í trúnaðarmannaráði eiga allir trúnaðarmenn félagsins ásamt stjórn félagsins. Hlutverk trúnaðarmannaráðs er að undirbúa kröfugerð og kjarasamninga og vera stjórn til ráðgjafar um stærri mál. Auk þess sem trúnaðarmannaráð gegnir mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun til og frá félagsmönnum. Þar sem á fundum er farið yfir þau verkefni sem trúnaðarmenn hafa verið að glíma við úti á vettvangi, ef ekki er verið að fara eftir kjarasamningum. Þegar upp koma mál er ferlið yfirleitt þannig að félagsmenn byrja að reyna að leysa málin sjálfir, síðan er hægt að kalla til trúnaðarmenn og félagið og ef ekki gengur að fá úrlausn er hægt að boða til samstarfsnefndarfundar. Trúnaðarmenn fengu kynningu á nýrri heimasíðu BHM, þar eru meðal annars upplýsingar um styrki og hlutverk trúnaðarmanna. Trúnaðarmönnum skal heimilt að sækja þing, fundi og ráðstefnur á vegum félagsins í 7 daga á ári.

Þetta starfsár var litað af því að samningar félagsins voru lausir 31. mars, á haustfundi (31. ágúst) var byrjað að vinna að kröfugerð, þar sem helstu mál sem brunnu á trúnaðarmönnum voru, stytting vinnuvikunnar, kulnun og álag, áhersla á styttingu hjá vaktavinnufólki. Einnig rætt um mismunun fólks eftir aldri, varðandi réttindi til orlofs. Trúnaðarmannaráð hittist svo 23. nóvember þar sem kröfugerð félagsins var unnin. Í samninganefndum félagsins eru fulltrúar úr trúnaðarmannaráði ásamt formanni, varaformanni og framkvæmdarstjóra félagsins. Viðsemjendur í komandi kjarasamningum eru: Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkið.

Á trúnaðarmannafundi í febrúar 2019 fengu trúnaðarmenn kynningu á kostum og göllum varðandi hámarkssetu formanns frá nefndinni sem skipuð var til að kanna þetta, auk þess sem Þóroddur Þórarinsson sá um seinni hluta kynningarinnar. Í framhaldi af þessari kynningu unnu Steinunn Jónsdóttir og Karen Erlingsdóttir samantekt sem trúnaðarmenn gátu nýtt til frekari kynningar fyrir félagsmenn.

Samninganefndir voru kynntar og farið var yfir launatölfræði frá Reykjavíkurborg og ríkisins en það skortir enn á gögn frá sveitarfélögum. ÞÍ er stærsta félagið innan BHM hjá Reykjavíkurborg með um 200 stöðugildi, sama má segja um Sambandið en hjá ríkinu er ÞÍ eingöngu með tæp 30 stöðugildi.

Fyrir hönd Trúnaðarmannaráðs
Hanna Kristín Sigurðardóttir varaformaður ÞÍ

Skýrsla laganefndar 2018-2019

Laganefnd sátu:

Andrea Bergmann Halldórsdóttir,

Helga Magnúsdóttir,

Margrét Rannveig Halldórsdóttir,

Ragnhildur Þorsteinsdóttir,

og Þóroddur Þórarinsson.

Á síðastliðnu starfsári fundaði laganefnd 3 x auk sameiginlegs fundar, startfundar með stjórn.

Á fyrsta fundi var farið yfir lögina og þær lagabreytingar sem að hafa verið gerðar.

Gerðum athugasemd við ósamræmi sem var í aðalfundarfundargerð og á heimasíðu Þ.Í.

Ein lagabreytingartillaga barst og var hún send út með aðalfundarboði. Laganefnd fór yfir þá tillögu með tilliti til hvort hún væri í mótsögn við aðrar greinar í lögum og svo er ekki. Á síðasta fundi var farið yfir praktísk atriði varðandi aðalfundinn.

Ákvörðun á fyrra starfsári að fara yfir lögina í heild sinni og uppfæra með tilliti til jafnræðis og lýðræðis innan félagsins stendur enn og hefur að einhverju leyti verið gert en ekki að fullu.

Skýrsla fagráðs 2018 – 2019

Á haustönn 2018 stóð fagráð fyrir tveimur fræðsluerindum. Var þessi fræðsla liður í því að byrja umræðu um heilsu og álagstengda þætti í starfi þroskaþjálfa fyrir komandi starfsdaga og hvaða leiðir væru færar til að sporna við kulnun í starfi.

Hrefna Hugosdóttir hjúkrunar og fjölskyldufræðingur hélt fræðsluerindi þann 22. október 2018 sem bar heitið Heil heilsu og fjallaði um lykilþætti þess sem vert er að fylgjast með þegar kemur að persónulegri heilsu og hvaða aðferðir er hægt að nota þegar viðvörunarbjöllur fara að hljóma.

Ragnhildur Bjarkadóttir hélt svo seinna fræðsluerindið þann 20. nóvember sem bar heitið Taktu stjórn á streitunni þar sem farið var yfir aðferðir til að halda streitu innan viðráðanlegra marka.

Starfsdagar Þroskaþjálfa voru svo haldnir dagana 24 og 25 janúar á Hótel Örk í Hveragerði. Þar sem metþátttaka náðist.

Yfirskriftin var *Sterkir þroskaþjálfar – andleg og líkamleg vellíðan í krefjandi starfsumhverfi*

Viðfangsefni starfsdagana var að þessu sinni að leggja áherslu á uppbyggingu þroskaþjálfa í krefjandi starfsumhverfi. Einblínt var á leiðir fyrir þroskaþjálfar til að átta sig á einkennum streitu og hvaða bjargráð eru til staðar til að koma í veg fyrir kulnun.

Fyrri dagurinn samanstóð af skemmtilegum og nærandi erindum frá mörgum fagmönnum og var seinni dagurinn nýttur í vinnustofur þar sem unnið var í hópum með viðfangsefni streitu, styrkleika og vinnuumhverfi.

Skýrsla útgáfuráðs 2018-2019

Meginverkefni útgáfuráðs er útgáfa fagtímarits félagsins. Síðasta blað Þroskaþjálfans kom út rafrænt á síðu félagsins í byrjun mars 2019. Vinna við tölublaðið hefur verið í gangi síðastliðin tvö ár en hægt hefur gengið að afla greina til birtingar í blaðinu. Vinna að næsta blaði hefst nú þegar og er útgáfa þess áætluð á vordögum 2020. Útgáfuráð vill hvetja alla þá þroskaþjálfara sem eru að vinna að nýjungum eða öðrum áhugaverðum verkefnum til að skrifa greinar í blaðið. Nánari upplýsingar um greinarskrif er hægt að sjá á heimasíðu félagsins www.throska.is <<http://www.throska.is>> og með því að senda tölvupóst á utgafurad@gmail.com

Útgáfuráð fundar misjafnlega oft eftir því hvar í útgáfufurlinu blað er statt hverju sinni en þar að auki fara fram samskipti í gegnum tölvupósta, ský og samfélagsmiðla. Fulltrúi stjórnar í útgáfuráði er Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir.

Skýrsla siðanefndar starfsárið 2018 - 2019

Hlutverk siðanefndar er að stuðla að siðferðilegri íhugun og vitund meðal þroskaþjálfara og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins. Siðanefnd er opin fyrir beiðnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málefni. Siðanefndar úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum ÞÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

Frá síðasta aðalfundi til þessa dags hefur siðanefnd fundað einu sinni formlega en starfið fer einnig fram í gegnum tölvupóstsamskipti. Ekkert formlegt erindi barst til siðanefndar á yfirstandandi starfsári.

Siðareglur og starfsreglur siðanefndar eru aðgengilegar á heimasíðu Þroskaþjálfafélags Íslands.

<http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/sidareglur>

Siðanefnd skipa:

Árni Már Björnsson

Hrefna Sigurðardóttir

Signý Þórðardóttir

Varamenn eru:

Árni Viðar Þórarinsson

Friðrik Sigurðsson

Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir

Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2018-2019

Í stjórn Vísindasjóðs sitja:

Valborg Helgadóttir formaður,

Víbeke Þ. Þorbjörnsdóttir gjaldkeri ÞÍ,

Þórunn Halldórsdóttir ritari,

Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir meðstjórnandi

Bjarnveig Magnúsdóttir meðstjórnandi

Stjórn Vísindasjóðs fundaði nokkrum sinnum á starfsárinu, bæði til að fara yfir umsóknir og vinna í reglum sjóðsins. Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands gekk frá greiðslum til styrkþega samkvæmt úthlutun stjórnar sjóðsins. Fyrir árið 2017 bárust 557 styrkhæfar umsóknir í Vísindasjóðinn. Upphæðin sem kom til úthlutunar var kr. 54.252.192,- og skiptist jafnt á milli umsækjenda (greitt eftir starfshlutfalli).

Umsóknarferli Vísindasjóðs er til 15. maí ár hvert og greitt er út fyrir 1. júní.

f. h. Vísindasjóðs

Valborg Helgadóttir

Skýrsla kjörnefndar 2018 - 2019

Fulltrúar í kjörnefnd 2018-2019 eru:

Valborg Helgadóttir formaður

Bjarghildur Pálsdóttir

Guðrún Jakobsdóttir

Kristín Gísladóttir

Rún Halldórsdóttir

Nefndin kom einu sinni saman og fór yfir stöðuna, eftir það fóru samskiptin fram í gegnum tölvupósta.

Verkefni kjörnefndar er að leita eftir framboðum í stjórn, nefndir, og ráð á vegum félagsins.

Fimmtán þroskaþjálfar luku kjörtímabili sínu í stjórn, ráðum og nefndum félagsins, sex þroskaþjálfar gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og því eru níu ný nöfn á lista þeim sem kjörnefndstillir upp fyrir stjórn, nefndir og ráð. Vel gekk að manna í öll embættin.

Í lokin vill kjörnefnd bjóða væntanlega stjórn, ráð og nefndir velkomin til starfa og þakka þeim sem láta af störfum.

F.h. kjörnefndar,

Valborg Helgadóttir

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2019–2021

Stjórn PÍ

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2019-2021
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2018-2020)	
Hanna Kristín Sigurðardóttir	varaformaður	(2017-2019)	Halldóra J. Sanko
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir	(gjaldkeri)	(2017-2019)	Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Ingibjörg G. Guðrúnardóttir	meðstjórnandi	(2018-2020)	
Steinunn Jónsdóttir	(ritari)	(2018-2020)	
Halldóra J. Sanko	meðstjórnandi	(2017-2019)	Hanna Kristín Sigurðardóttir
Bjarnveig Magnúsdóttir	meðstjórnandi	(2018-2020)	

Útgáfuráð

Særún Ósk Böðvarsdóttir		(2018-2020)	
Selma Hauksdóttir		(2018-2020)	
Trausti Júlíusson		(2017-2019)	Trausti Júlíusson
Anna Björg Sverrisdóttir		(2017-2019)	Friðþór Vestmann Ingason
Embla Rún Hakadóttir		(2018-2020)	
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir		(2017-2019)	Laufey Gunnarsdóttir

Fagráð

Björg Maggý Pétursdóttir		(2017-2019)	Særún Sigurjónsdóttir
Kolbrún Ósk Albertsdóttir		(2018-2020)	
Kristbjörg Hjaltadóttir		(2018-2020)	
Einar Þór Jónsson		(2017-2019)	Lilja Össurardóttir
Freydís Frigg Guðmundsdóttir		(2017-2019)	Auður Björk Kvaran
Sigurbjörn Björnsson		(2018-2020)	
Kolbrún Stígsdóttir		(2018-2020)	

Laganefnd

Margrét Rannveig Halldórsdóttir		(2017-2019)	Ragnhildur Sigurðardóttir
Helga Magnúsdóttir		(2017-2019)	Helga Magnúsdóttir
Ragnhildur Þorsteinsdóttir		(2018-2020)	
Andrea Bergmann Halldórsdóttir		(2017-2019)	Guðný Stefánsdóttir
Þóroddur Þórarinsson		(2018-2020)	

Kjörnefnd

Valborg Helgadóttir		(2017-2019)	Valborg Helgadóttir
Bjarghildur Pálsdóttir		(2017-2019)	Bjarghildur Pálsdóttir
Guðrún Jakobsdóttir		(2017-2019)	Ragna Ragnarsdóttir
Rún Halldórsdóttir		(2018-2020)	
Ragnhildur Þórarinsdóttir		(2018-2020)	

Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Fanney Sumarliðadóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Jóhanna Margrét Árnadóttir til vara

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir

Siðanefnd

Árni Már Björnsson (2018-2021)
Guðný Sigurjónsdóttir (2019-2022)
Signý Þórðardóttir (2017-2020)

Varamenn í Siðanefnd

Árni Viðar Þórarinsson (2018-2021)
Friðrik Sigurðsson (2019-2022)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2017-2020)
